

# Stefna í menningarmálum í Garðabæ



Útgefandi: Garðabær 2005  
Umsjón með útgáfu: Hulda Hauksdóttir  
Hönnun bæklinga: Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu  
Ljósmyndir: Sigurður Stefán Jónsson o.fl.  
Prentun: Svansprent

# Helstu áhersluatriði – mergur málsins

- Að efla bæjarbraginn.
- Að ýta undir sköpunargáfu og sköpunarkraft einstaklinga, almennings og listamanna.
- Að efla list- og verkgreinar í skólum bæjarins.
- Að marka Garðabæ sérstöðu sem hönnunarbær þar sem starfsemi Hönnunarsafns Íslands er efl.
- Að í bænum sé framsækið og metnaðarfullt menningarstarf í þágu barna og ungmenna.
- Að efla starfsemi Bókasafns Garðabæjar og veita bæjarbúum framúrskarandi bókasafns- og upplýsingaþjónustu.
- Að efla vitund og þekkingu almennings á sögufrægum stöðum í bænum.
- Að íbúar hafi greiðan aðgang að menningu og upplýsingum um menningarviðburði.



# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>6</b>	<b>Söfn og sýningarstarfsemi</b> .....	<b>26</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>8</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hönnunarsafn Íslands</li><li>• Menningarhringur – minjagarður að Hofsstöðum – Krókur – Vífilsstaðir</li><li>• Menningarkjarni og mannlíf</li><li>• Bóka- og upplýsingamiðstöð Garðabæjar</li></ul>	
<b>Stef við menningu í Garðabæ – leiðarljós</b> ....	<b>11</b>	<b>Aukaefni</b> .....	<b>32</b>
<b>Menning – ýmsar listgreinar – almennt efni</b> .	<b>12</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fræðslu- og menningarsvið</li><li>• Menningar- og safnanefnd</li></ul>	
<ul style="list-style-type: none"><li>• Tónlistarstef</li><li>• Myndlistarstef</li><li>• Hönnunarstef</li><li>• Ritlistarstef</li><li>• Leiklistar- og kvikmyndastef</li><li>• Sögu- og útvistarstef</li><li>• Menningar- og hvatningarstef</li></ul>		<b>Yfirlit – menningarstofnanir í Garðabæ</b> .....	<b>33</b>
<b>Menning fyrir börn og ungmenni</b> .....	<b>20</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Söfn</li><li>• Skólar og félagsmiðstöðvar</li><li>• Fjölbrautaskólinn í Garðabæ</li><li>• Ýmis menningarstarfsemi</li></ul>	
<ul style="list-style-type: none"><li>• Ímynd og sýnileiki</li><li>• Samskipti og samvinna</li><li>• Efling og uppbygging listgreina</li><li>• Frumkvöðlastarf í listum og menningu</li></ul>			

# Formáli

## Undirbúningur að mótun menningarstefnu fyrir Garðabæ

Undirbúningur að mótun menningarstefnu fyrir Garðabæ hófst haustið 2004 að tillögu Laufeyjar Jóhannsdóttur bæjarfulltrúa. Bæjarráð fól menningar- og safnanefnd ásamt tveimur fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn að vinna tillögu að menningarstefnu fyrir Garðabæ. Hópurinn fékk það hlutverk að virkja sem flesta sem koma að menningarstarfi til þátttöku og setja fram heildarstefnu sem tæki tillit til þeirra safna og menningarstofnana sem fyrir eru í bænum.

Ákveðið var að skipta viðfangsefninu í þrjá meginflokka; menningu fyrir börn og ungmenni, söfn og sýningarstarfsemi og menningarmál almennt. Í janúar 2005 var boðað til opins hugflæðifundar um menningarmál í Garðabæ. Fundurinn var haldinn í því skyni að fá fram hugmyndir, skoðanir og væntingar bæjarbúa um framtíðarstefnu í menningarmálum. Þátttakan var mjög góð en u.þ.b. 50 manns sóttu fundinn. Niðurstöður hans voru hafðar til hliðsjónar hjá þremur vinnuhópum sem tóku til starfa í lok janúar 2005. Hóparnir voru m.a. skipaðir fulltrúum starfsmanna, nefndarmanna og listamanna.

Vinnuhóparnir fengu í hendurnar drög að mála-flokkum til að greina og fjalla um en jafnframt var þeim í sjálfsvald sett að ákveða hvaða efni skyldi tekið fyrir. Staða menningarmála í Garðabæ var greind og hugað að leiðum til að styrkja það starf sem fyrir er. Um leið voru margar nýjar hugmyndir um menningarstarf ræddar og lagðar fram. Ákveðið var að setja ákveðin markmið og benda á leiðir til að ná þeim.

Stýrihópurinn fundaði alls átta sinnum og hver vinnuhópur hélt um sex fundi. Leitað var álits og ráðagerðar hjá ýmsum aðilum sem tengjast menningarmálum. Jafnframt var almenningi gefinn kostur á að senda inn hugmyndir og ábendingar meðan á vinnuferlinu stóð. Verkefnisstjóri fundaði reglulega með tengiliðum vinnuhópanna og skiluðu þeir síðan tillögum sínum til stýrihópsins í apríl.

Stefnan er sett til þriggja ára en gert ráð fyrir að hún verði endurskoðuð árlega. Margt af því sem þar kemur fram er nú þegar komið í framkvæmd. Annað lýsir hug manna um verkefni framtíðar bæði til skemmri og lengri tíma.



#### Í stýrihópnum sátu:

Jóna Sæmundsdóttir, formaður menningar- og safnanefndar

Laufey Jóhannsdóttir, forseti bæjarstjórnar  
Einar Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi

#### Í vinnuhópunum sátu:

##### **Menning – ýmsar listgreinar – almennt efni**

Agnes Löve, skólastjóri Tónlistarskóla  
Garðabæjar

Klara Lía Hervaldsdóttir, fulltrúi  
menningar- og safnanefndar

Björn Thoroddsen, tónlistarmaður  
Kristín Helga Gunnarsdóttir, rithöfundur

##### **Menning barna og ungmenna**

Gunnar Richardson, tólmstundafulltrúi og  
forstöðumaður Garðalundar

Þorgerður Anna Arnardóttir, fulltrúi  
menningar- og safnanefndar

Ásdís Jóelsdóttir, kennari í listgreinum í FG  
Ómar Guðjónsson, tónlistarmaður og kennari í  
Tónlistarskóla Garðabæjar

##### **Söfn og sýningarstarfsemi**

Oddný Björgvinsdóttir, forstöðumaður  
Bókasafns Garðabæjar

Jóna Sæmundsdóttir, formaður menningar- og  
safnanefndar

Aðalsteinn Ingólfsson, forstöðumaður  
Hönnunarsafns Íslands

Lovísa Einarsdóttir, fulltrúi menningar- og  
safnanefndar

##### **Verkefnisstjóri**

Hulda Hauksdóttir, upplýsingafulltrúi

Að auki komu fleiri aðilar, bæjarbúar og starfsmenn, að verkinu.

Stefna Garðabæjar í menningarmálum var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 6. október 2005. Sumarið 2005 hefur verið unnið að framkvæmda- og aðgerðaráætlun sem mun auðvelda starfsmönnum að fylgja eftir þeirri stefnumörkun sem birtist hér. Um leið verður hægt að forgangsraða verkefnum eftir umfangi, kostnaði o.fl. og fylgja þeim eftir við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni.

# Inngangur

Framundan er mikil uppbygging í Garðabæ og gert er ráð fyrir að íbúum fjölgi umtalsvert á næstu árum. Um leið og bærinn stækkar er mikilvægt að efla bæjarbraginn með því að hlúa að mannlífinu og þeim þáttum sem setja mark sitt á bæinn. Á opnum fundi um menningarmál, sem var haldinn í janúar 2005, kom fram mikilvægi þess að fólk fái tækifæri til að sjá og hitta aðra og um leið að upplifa menningarviðburði saman.

Í Garðabæ eru fjölmargar stofnanir sem sinna menningarmálum. Þar má telja skóla bæjarins á öllum skólastigum, bókasafn, tónlistarskóla og bæjarskrifstofur. Þessar stofnanir eru kynntar í yfirliti aftast.

Við mótun menningarstefnu fyrir Garðabæ var horft til þess sem vel er gert í bænum og metin sú áhersla sem lögð hefur verið á menningu fyrir börn og ungmenni undanfarin ár. Mikilvægt er að hlúa að menningarverðmætum í bænum og huga að leiðum til að styrkja það starf enn frekar. Við stefnumótunina var jafnframt tekið tillit til þess að Garðabær er hluti af höfuðborgarsvæðinu og

íbúarnir njóta góðs af hinu mikla menningarframboði í nágrenni okkar. Mikilvægt er að bæjarbúar fái tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu bæjarfélagsins á öllum sviðum og þar gegna menningarmálin stóru hlutverki. Þessir þættir geta skipt máli við val á búsetu. Bæjarbúar eru hvattir til að kynna sér efni stefnunnar og setja sig í samband við þær stofnanir sem til staðar eru í bænum vilji þeir koma á framfæri hugmyndum um hvernig gera má Garðabæ að enn betri menningarbæ.

Með kveðju og von um að þessi stefna verði bæjarfélaginu til heilla, stýrihópur um mótun menningarstefnu,

Jóna Sæmundsdóttir  
Laufey Jóhannsdóttir  
Einar Sveinbjörnsson







# Stef við menningu í Garðabæ\*

Leiðarljós Garðabæjar í menningarmálum byggist á mörgum menningarstefjum. Stefin eru eins og frumtónar í heildarstefnu bæjarins og til að lagið verði frambærilegt þarf að huga vel að öllum tónunum.

**Menningarmál snerta margvíslega fleti í starfsemi bæjarfélaga og eru órjúfanlegur hluti af bæjarbrag hvers sveitarfélags. Garðabær vill efla bæjarbraginn með því að styðja við þær stofnanir sem sinna menningarmálum og gera þeim kleift að takast á við ný verkefni á sviði menningarmála.**

Sérhæfing sveitarfélagsins í ýmsum málaflokkum gefur bænum tækifæri til að skara fram úr á ýmsum sviðum. Garðabær vill marka sér sérstöðu sem hönnunarbær þar sem starfsemi Hönnunarsafns Íslands er eflað og fest í sessi. Um leið og sérstaða er mörkuð skal þess gætt að allar listgreinar njóti sannmælis og athygli s.s. myndlist, ritlist, tónlist, leiklist, hönnun, dans o.fl.

Lögð skal áhersla á framsækið og metnaðarfullt menningarstarf í þágu barna og ungmenna og

að Garðabær sé ávallt í fremstu röð á því sviði. Stefnt skal að því að öll börn og ungmenni í Garðabæ eigi kost á listrænni þátttöku með eigin framlagi og upplifun. Menning og listir barna og ungmenna eiga að vera sýnilegur hluti af daglegu lífi og umhverfi íbúa í Garðabæ.

Starfsemi og skipulag Garðabæjar þarf að taka mið af ýmsum þáttum mannlífs. Tenging menningar við atvinnulíf, skipulag og uppbyggingu miðbæjar er nauðsynleg forsenda þess að mannlíf verði sem blómlegast.

Allir þjóðfélags- og aldurshópar eiga að hafa greiðan aðgang að menningu og upplýsingum um menningarviðburði á vegum bæjarfélagsins. Jafnframt skal stuðlað að því að fólk af ólíkum uppruna finni samhljóm í lífi og menningu í bænum.

\*Stef – samkvæmt orðabók: tema – frumtónar í lagi sem úrvinnsla byggir á

# MENNING – ÝMSAR LISTGREINAR – ALMENTNT EFNI



# Tónlistarstef

Markmið:  
Að bjóða reglulega upp á fjölbreyttan tónlistarflutning í Garðabæ.  
Styðja skal við tónlistarstarfsemi í bænum með margvíslegum hætti.

Það verður m.a. gert með því að:

- Halda tónleikaraðir. Fasta liði sem bæjarbúar og aðrir, s.s. nemendur skóla, geta gengið að, t.d. hádegistónleikaraðir í sal Tónlistarskólans.
- Halda djasshátíð árlega.
- Halda Tónlistarveislu í skammdeginu.
- Halda kórdrag reglulega. Styðja við kórastarf í bænum og auðga með því menningarlífið.



# Myndlistarstef

Markmið:

Að gefa myndlistarmönnum færi á að koma verkum sínum á framfæri í bænum.



Það verður m.a. gert með því að:

- Kaupa reglulega listaverk eftir starfandi myndlistarmenn.
- Staðsetja listaverk sem víðast til að bæta ásýnd bæjarins.
- Koma upp sýningarrými fyrir myndlistarmenn, sem m.a. gæti verið í menningarkjarna.

# Hönnunarstef

Markmið:  
Að bærinn verði miðstöð fyrir hönnun með lifandi hönnunarsafni  
sem viðhaldi sögu og framtíðarsýn.

Það verður m.a. gert með því að:

- Byggja hönnunarsafn sem tengist margvíslegri menningarstarfsemi.
- Leggja áherslu á hönnun í skólastarfi.
- Kynna Garðabæ sem hönnunarbæ.



# Ritlistarstef

Markmið:

Að efla bóklestur bæjarbúa og efla og hvetja starfandi rithöfunda.

Það verður m.a. gert með því að:

- Stofna til árlegra bókmenntaverðlauna í minningu Vilbergs og Stefáns Júlíussona.
- Þjóða innlendum sem erlendum höfundum, þýðendum og fræðimönnum afnot af vinnu- aðstöðunni í Króki.
- Styðja við lestrarstefnu í samráði við skóla og bæjarbókasafn og auka þannig þekkingu bæjarbúa á mikilvægi lestrar og læsis.
- Fá rithöfunda til að lesa upp úr nýjum og eldri verkum á hefðbundnum og óhefðbundnum vettvangi, t.d. á bókmenntahátíðinni Bókinni og birtunni á vorin.
- Bókasafn Garðabæjar velji höfund mánaðarins sem kynntur verði hverju sinni.





# Leiklistar- og kvikmyndastef

Markmið:  
Að styðja við leiklistarstarfsemi sem er í bænnum. Styðja við uppbyggingu og starfsemi kvikmyndavera í Garðabæ.

Það verður m.a. gert með því að:

- Veita verkefnastyrki til einstakra verkefna.
- Hlúa að leiklistarstarfsemi í skólum bæjarins hverju sinni.
- Vekja athygli kvikmyndagerðarmanna á fallegu umhverfi og náttúru í bæ þar sem næði til athafna er gott og auðvelt að afla aðfanga.
- Þjónustustofnanir bæjarins séu kvikmyndaframleiðendum innan handar eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.
- Bjóða upp á útibíó á fallegum stað í hrauninu í samvinnu við kvikmyndagerðarmenn. Aðrar listrænar uppákomur gætu tengst slíkum viðburði.



# Sögu- og útivistarstef

Markmið:

Að safna sögulegum minjum til merkingar og varðveislu og veita bæjarbúum greiðan aðgang að þeim innandyra sem utan. Tengja sögulega menningu og útivist svo fólk fái notið hvors tveggja samtímis á gönguför í bæjarlandinu.

Það verður m.a. gert með því að:

- Merkja sögulegar minjar, einkum þær sem eru nálægt göngustígum. Setja upp skilti með upplýsingum um sögu og náttúru bæjarins.
- Stofna gagnabanka sem þjónar sem ljósmyndasafn og bæjarsafn, t.d. í tengslum við Bókasafn Garðabæjar.
- Safna saman og skrásetja efni, t.d. ljósmyndir og kvikmyndir úr bæjarlífinu, á skipulagðan hátt áður en það glatast.
- Setja upp víðsvegar um bæinn sögukassa og snertiskjái sem geyma sögur og upplýsingar um horfna tíma, líkt og við minjagarðinn að Hofsstöðum.
- Halda menningarhátíð þar sem náttúra bæjarins og menning eru tengd saman, t.d. í Heiðmörk.



# Menningar- og hvatningarstef

Markmið:

Að efla menningarstarfsemi bæjarins með því að fylgja eftir stefnumálum og koma verkefnum í framkvæmd. Stefna ber að því að auka verkefnatengdan stuðning við listamenn bæjarins.

Það verður m.a. gert með því að:

- Ráða menningarfulltrúa Garðabæjar sem hefur það starf að halda utan um einstaka viðburði, efla frumkvæði listamanna, setja verkefni af stað og framfylga stefnu í menningarmálum.
- Halda hugflæðifundi með bæjarbúum um menningarmál.
- Hvetja til og hafa frumkvæði að meiri umfjöllun um menningarmál í bæjarblöðum og öðrum fjölmiðlum.
- Stuðla að því að listamenn geti sótt um styrki til einstakra verkefna á sviði lista- og menningarmála.
- Styðja við listamenn með ýmiss konar aðstöðu sem bæjarfélagið getur boðið.
- Kynna menningarviðburði á heimasíðu bæjarins og gefa út viðburðadagatal.
- Halda menningarhátíð eða menningardag þar sem listamenn bæjarins opna húsakynni sín og bjóða bæjarbúum í heimsókn.
- Auka við menningartengda dagskrá í tengslum við fasta viðburði eins og t.d. kvennahlaup, sumardaginn fyrsta o.fl., í samstarfi við frjáls félagasamtök.



# MENNING FYRIR BÖRN OG UNGMENNINI



# Ímynd og sýnileiki

Markmið:

Að menning barna og ungmenna skipi sérstakan sess í öllum mennta- og menningarstofnunum bæjarins. Að gefa börnum og ungmennum færi á að koma eigin vinnu á framfæri. Að stuðla að menningarlegu uppeldi.

Það verður m.a. gert með því að:

- Vekja athygli á því listræna starfi sem fer fram í skólum í Garðabæ.
- Börn fái aukið aðgengi að menningarviðburðum og læri þannig að njóta menningar og lista.
- Gefa börnum og ungmennum í skólum kost á að sækja listviðburði, söfn, sjónleiki o.fl.
- Halda listahátíð barna og ungmenna á a.m.k. tveggja ára fresti og virkja skólafestir, félagasamtök og aðra til þátttöku.
- Útbúa vettvang fyrir ýmsa uppskeru listastarfs barna og ungmenna – „menningarsvið“ sem væri miðlægt og aðgengilegt fyrir alla bæjarbúa.
- Laða að eða skipuleggja stórviðburði tengda menningu barna og ungmenna.
- Styðja við verkefni unglistar í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og gera afraksturinn sýnilegan fyrir bæjarbúa.
- Stofna listasjóð til að hvetja og verðlauna ungt listafólk.
- Veita verkefnastyrki og stuðning aðilum, stofnunum eða einstaklingum sem vilja koma í framkvæmd verkefnum sem tengjast menningu og listum fyrir börn og ungmenni.
- Fastsetja viðburði á sviði unglistar sem hægt er að ganga að sem vísum og vekja athygli á menningu barna og ungmenna í öflugum miðlum.
- Halda kóramót og lúðrasveitamót.
- Veita nemendum í grunnskólum tækifæri til að sækja tónleika árlega.



# Samskipti og samvinna

Markmið:

Að efla samstarf milli stofnana og skóla á öllum skólastigum á sviði menningar og lista. Stuðla að samstarfi ólíkra listgreina og auka samstarf við starfandi listamenn. Efla samvinnu við félagasamtök sem skapa vettvang fyrir menningu barna og ungmenna.

Það verður m.a. gert með því að:

- Gefa nemendum á listnámsbraut í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ færi á að miðla kunnáttu sinni til yngri nemenda.
- Afburðanemendur í listum fá listnám metið milli grunnskóla og framhaldsskóla.
- Halda listadaga með eldri borgurum annað hvert ár – eldri kenna yngri.
- Halda „haustþing“, þ.e. listaping kennara í list- og verkmenntun í skólum bæjarins, þar sem m.a. vinnubrögð, dagskrá, hugmyndir og nýjungar eru ræddar.
- Gera samning við Listaháskóla Íslands um listrænt samstarf við skóla bæjarins.
- Tónlistarnám verði viðurkennt sem valgrein í eldri bekkjum grunnskóla.
- Efla samvinnu Tónlistarskólans við alla árganga grunnskólans.
- Gefa unglingum færi á að sækja tíma í Tónlistarskóla Garðabæjar á skólatíma.
- Færa kennslu Tónlistarskólans út í grunnskólana þar sem þess gefst kostur.
- Skólarnir beiti sér fyrir auknu samstarfi við starfandi listamenn, t.d. með skólaheimsókn-um eða öðrum samstarfsverkefnum.
- Fá gestakennara í skólana, t.d. starfandi listamenn, sem vekja áhuga og bæta við þekkingu barna á listgreinum.
- Hlúa að menningarverðmætum í samvinnu bæjarins og æskulýðs- og félagasamtaka.
- Frjáls félagasamtök eigi kost á að leggja sitt af mörkum til menningar barna og ungmenna, með eigin framlagi, með stuðningi við verkefni, sérkunnáttu o.fl.

# Efling og uppbygging listgreina

Markmið:

Að styrkja listnámsgreinar á öllum skólastigum og efla listnám á sumrin. Að efla stjórnun menningarmála barna- og ungmenna og gera enn markvissari. Huga að betri nýtingu húsnæðis til eflingar og þróunar menningarstarfs í bænum.

Það verður m.a. gert með því að:

- Gefa börnum kost á að sækja sumarnámskeið tengd listum og menningu, með sambærilegum stuðningi og önnur sumarnámskeið.
- Gefa ungu fólki tækifæri til að stunda sumarvinnu er tengist menningu og listum t.d. á vettvangi vinnuskóla og sumarvinnu ungs fólks.
- Huga að því að efla „rytmíska“ tónlist á barna- og unglिंगastigi, t.d. í Tónlistarskóla Garðabæjar.
- Efla kórastarf skólanna og sérstaklega að huga að samfelldu kórastarfi alla skólagöngu nemenda í Garðabæ.
- Styðja við uppbyggingu og viðhald á hljóðfærum, hljómtækjum og annarri tækniútgjörð í öllum skólum.
- Auka framboð aðkeyptrar menningar fyrir börn og ungmenni og gera nemendum þannig kleift að upplifa menningu bæði innan skólans og utan.
- Opna stofnanir meira utan hefðbundins starfstíma; skólahús, tónlistarskóla, söfn.





# Frumkvöðlastarf í listum og menningu

Markmið:

Að auka þátt hönnunar og frumkvöðlastarfs í skólastarfi og um leið að efla samvinnu bóknáms- og listnámsgreina. Hvetja til nýjunga og listrænnar framsetningar á námi.

Það verður m.a. gert með því að:

- Gera hönnun að sérstakri valnámsgrein í skólastarfi.
- Auka þverfaglegt starf list- og bóknámsgreina með nýjungar í huga, t.d. leiklistar og ensku, tónlistar og dönsku, myndmenntar og íslensku o.fl.
- Gefa frumkvöðlastarfi aukið vægi í skólastarfi og efla þannig sköpunargáfu nemenda.
- Hvetja nemendur til listrænna leiða á verkefnaskilum í skólastarfi.
- Hvetja ólíkar stofnanir til samstarfs um menningarverkefni barna og ungmenna.
- Huga að sérstöku rými fyrir hönnun í skólum bæjarins. Endurskoða uppstillingu á hefðbundnu kennslurými fyrir list- og verkgreinar með margbreytileika í huga.
- Halda vinnudaga í skólum til að laða fram nýjungar og efla frumkvöðlastarf.



# SÖFN OG SÝNINGARSTARFSEMI



# Hönnunarsafn Íslands

Markmið:

Að Hönnunarsafn Íslands verði áfram í Garðabæ og bænum sköpuð sérstaða í þeim efnum. Hönnunarsafnið skal varðveita muni sem varpa ljósi á sögu hönnunar og listiðnaðar á Íslandi og í nágrannalöndunum.

Það verður m.a. gert með því að:

- Skapa Hönnunarsafni Íslands viðunandi starfsaðstöðu, bæði er varðar rekstur og byggingu safnahúss.
- Tryggja að fleiri aðilar vinni saman að því að efla starfsemi Hönnunarsafnsins í Garðabæ s.s. opinberar stofnanir og fyrirtæki.
- Hvetja til þess að skyld starfsemi á sviði hönnunar, s.s. nýstofnuð hönnunarstofa, starfi í tengslum við Hönnunarsafn Íslands t.d. með því að samnýta byggingar.
- Gera staðsetningu og byggingu Hönnunarsafnsins sýnilega og táknræna þar sem hlutverk og sérstaða safnsins er áréttuð í byggingarstíl þess.
- Leggja áherslu á kynningar- og fræðslustarfsemi Hönnunarsafnsins í samvinnu við sjónmennta- og hönnunardeildir framhaldsskóla og Listaháskóla Íslands.
- Efla tengsl og samvinnu safnsins við erlend söfn, hönnuði og fræðimenn.
- Efla og styrkja ímynd safnsins á alþjóðavísu.





# Menningarhringur – minjagarður að Hofsstöðum – Krókur – Vífilsstaðir

Markmið:

Að efla vitund og þekkingu almennings á sögufrægum stöðum í Garðabæ s.s. minjagarðinum að Hofsstöðum, smábýlinu Króki og Vífilsstöðum.

Það verður m.a. gert með því að:

- Kynna með markvissum hætti minjagarðinn að Hofsstöðum og Krók sem hluta af áhugaverðum stöðum til að heimsækja í Garðabæ.
- Búa til menningarhring um bæinn þar sem þessir staðir eru skoðaðir.
- Skipuleggja heimsóknir á staðina og kynningu hjá skólum bæjarins.
- Bæta vinnuaðstöðu fyrir listamenn í Króki.
- Gera upp útihús við Krók til að á svæðinu skapist ein samræmd heild sem nýtist til margvíslegra nota fyrir listir og menningu.
- Gera endurbætur á lóð Króks og lagfæra aðgengi að húsinu.
- Leggja áherslu á að varðveita og sýna alþýðheimili í Króki.
- Varðveita muni tengda búskap frá öðrum býlum Garðabæjar í tengingu við Krók (t.d. í fjósi).
- Gera merkilegri sögu Vífilsstaða skil í samvinnu við eigendur og rekstraraðila, t.d. með því að koma á fót minjasafni sem tengist sögu og rekstri Vífilsstaðaspítala.



# Menningarkjarni og mannlíf

## Markmið:

Að koma upp menningarkjarna í Garðabæ þar sem gestir og gangandi geta sótt í fjölbreytt menningar- og félagslíf. Skapa aðstöðu fyrir menningu barna og ungmenna í kjarnanum.

Það verður m.a. gert með því að:

- Koma upp aðstöðu fyrir fjölbreytta menningu í Garðabæ þar sem gert verður ráð fyrir margbreytilegri starfsemi.
- Bókasafn Garðabæjar verði ein af þungamiðjum menningarkjarnans. Leggja áherslu á hlutverk Bókasafnins sem alhliða upplýsinga- og þjónustuver fyrir bæjarbúa og ferðamenn.
- Í tengslum við kjarna verði fjölnota salir sem geta nýst við ýmsar menningaruppákomur s.s. fyrirlestra, minni tónleika, myndlistarsýningar o.fl.
- Hýsa aðstöðu fyrir listasmiðjur og veita félagsamtökum bæjarins aðstöðu við menningarkjarna.
- Hafa aðstöðu fyrir kaffihús eða veitingastarfsemi af einhverju tagi í menningarkjarna.
- Félags- og tómstundastarf fyrir ýmsa hópa verði hluti af slíkum menningarkjarna.



# Bóka- og upplýsingamiðstöð Garðabæjar

## Markmið:

Að efla enn frekar núverandi starfsemi Bókasafns Garðabæjar og veita Garðbæingum framúrskarandi bókasafns- og upplýsingaþjónustu. Leggja áherslu á hlutverk safnsins sem alhliða þekkingar- og upplýsingamiðstöð er tengist annarri menningarstarfsemi.

Það verður m.a. gert með því að:

- Bjóða vandaða og fjölbreytta menningarstarfsemi fyrir alla aldurshópa þar sem megináhersla er lögð á bókmenntir, lestrarhvatningu og upplýsingalæsi.
- Leggja áherslu á gott aðgengi að bókasafninu og þjónustu þess, t.d. afgreiðslutíma sem hentar almenningi.
- Veita Garðbæingum, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að vönduðum og fjölbreyttum safnkosti sem tekur til allra miðlunarforma og nútímatækni.
- Vanda ætíð val á safnefni með því að setja safninu innkaupastefnu og hafa íslenskt efni í fyrirrúmi.
- Hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um bæjarfélagið, stofnanir þess og margvíslega þjónustu, með aðstoð nýjustu upplýsingatækni.
- Skapa bókasafninu svigrúm og viðunandi húsrými fyrir mennta- og menningarstarfsemi sem hentar öllum aldurshópum ásamt því að skapa góða aðstöðu til lesturs, fræðastarfa og rannsókna.
- Standa fyrir menningarviðburðum í samstarfi við aðrar menningar- og fræðslustofnanir bæjarins og veita upplýsingar um menningarviðburði sem eru á döfinni hverju sinni.
- Leggja áherslu á öflugt barna- og unglíngastarf og efla samstarf við grunn- og leikskóla bæjarins.
- Leggja áherslu á að koma upp, í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, safni bóka er tengjast hönnun.
- Stofna átthagadeild þar sem gömul skjöl, ljósmyndir, minjar og önnur gögn sem geyma íbúa-, byggða- og atvinnusögu bæjarins eru skráð og varðveitt. Gera sögu bæjarins skil með margvíslegum sýningum og útstillingum.
- Vera í góðri samvinnu við önnur bókasöfn m.a. á höfuðborgarsvæðinu.

# Aukaefni

## Fræðslu- og menningarsvið

Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar er eitt af fjórum sviðum bæjarskrifstofa Garðabæjar. Fræðslu- og menningarsvið nær yfir málefni dag-gæslu, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Sviðið fer einnig með íþróttamál, æskulýðs og tómstundastarf, menningarmál og vinnuskóla. Mennta- og menningarstofnanir sem heyra undir sviðið eru m.a. Tónlistarskóli Garðabæjar og Bókasafn Garðabæjar.

Nánari upplýsingar um hlutverk og starfsemi sviðsins er að finna á heimasíðu Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).

## Menningar- og safnanefnd

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar starfar í umboði bæjarstjórnar að eflingu lista- og menningarlífs í Garðabæ. Nefndin er skipuð fimm mönnum og kjörtímabil hennar er fjögur ár (2002 – 2006). Hlutverk nefndarinnar er m.a. að gera tillögur til bæjarstjórnar um fjárveitingu af ráðstöfunarfé hverju sinni m.a. til eflingar tónlistar og leiklistar, til kynningar á bókmenntum og myndlist, til listrænnar fegrunar bæjarins og til annarrar menningarstarfsemi í bænum.

Nefndin hefur á undanförunum árum staðið fyrir ýmsum uppákomum m.a. tónleikum á Garðatorgi og í safnaðarheimilinu ásamt því að styrkja ýmis menningarverkefni í bænum. Nánari upplýsingar um starfsemi nefndarinnar er að finna á heimasíðu Garðabæjar.





# Yfirlit – menningarstofnanir í Garðabæ

## Söfn:

### Bókasafn Garðabæjar

Garðatorgi 7

Bókasafnið er opið virka daga kl. 9–19 og laugardaga frá 1. október til 1. maí kl. 11–15.

Sími: 525 8550

Veffang: [www.gardabaer.is/bokasafn/](http://www.gardabaer.is/bokasafn/)

### Hönnunarsafn Íslands

Sýningarsalur: Garðatorgi 7.

Salurinn er opinn kl. 14–18 alla daga, nema mánudaga, þegar sýningar standa yfir.

Skrifstofa og geymsluhúsnæði: Lyngás 7.

netfang: [adalart@thjodminjasafn.is](mailto:adalart@thjodminjasafn.is)

Sími: á skrifstofu 530 2244, í sýningarsal 544 2434.

### Minjagarður að Hofstöðum

Minjagarður og margmiðlunarsýning um lífið á landnámsöld.

Staðsetning: Við Kirkjulund, við hlið

Tónlistarskóla Garðabæjar.

Opið allan sólarhringinn. Fyrir móttöku á stærri hópum skal hafa samband við bæjar-skrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, sími: 525 8500

Veffang: [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

### Krókur á Garðaholti

Bárujárnsklæddur burstabær frá árinu 1923.

Safn og vinnuástaða fyrir listamenn.

Staðsetning: Á Garðaholti, skáhallt á móti samkomuhúsinu. Opið á sumrin á sunnudögum frá kl. 13–17. Hópar sem vilja skoða Krók geta sett sig í samband við bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, sími 525 8500.

Veffang: [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

## Skólar:

### Tónlistarskóli Garðabæjar

Kirkjulundi 11

Í tónlistarskólanum fer fram fjölbreytt tónlistarnám og þar er einnig glæsilegur tónlistarsalur sem hægt er að leigja fyrir tónleika og aðrar upptökur.

Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 13–17.

Sími: 540 8500

Netfang: [tonlistarskoli@gardabaer.is](mailto:tonlistarskoli@gardabaer.is)

veffang: <http://tongar.ismennt.is>

## Skólar og félagsmiðstöðvar

Í leikskólum og grunnskólum í Garðabæ fer fram fjölbreytt menningarstarfsemi. Þar má nefna listgreinakennslu skv. skólanámskrá, þemadaga/hátíðir, vettvangsferðir á ýmsa listviðburði o.fl. Í félagsmiðstöðinni Garðalundi er boðið upp á fjölmörg skapandi námskeið fyrir unglinga.

Vefföng: [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og [www.gardalundur.is](http://www.gardalundur.is)

### Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Við Skólabraut

Listnámsbraut er þriggja ára námsbraut sem er góður grunnur fyrir frekara nám í listgreinum í sérskólum eða á háskólastigi. Listalíf í skólanum er mjög fjölbreytt og undanfarin ár hafa verið settir upp söngleikir sem bæjarbúar hafa getað sótt.

Sími: 520 1600

veffang: [www.fg.is](http://www.fg.is)

### Félagsstarf aldraðra Garðabergi

Garðatorgi 7

Boðið er upp á margvíslegt tómstundastarf, leikhús- og skemmtiferðir.

Sími: 525 8590

Veffang: [www.fag.is](http://www.fag.is)

## Ýmis menningarstarfsemi:

### Garðasókn

Kór Vídalínskirkju, æfingar fara fram í safnaðarheimili Vídalínskirkju. Listanefnd Garðasóknar skipuleggur ýmsa listviðburði á vegum kirkjunnar. Veffang: [www.gardasokn.is](http://www.gardasokn.is)

### Garðakórinn

Kór eldri borgara í Garðabæ.

Æfingar fara fram í safnaðarheimili Vídalínskirkju.

Veffang: [www.fag.is](http://www.fag.is)

### Kvennakór Garðabæjar

Æfingar fara fram í safnaðarheimili Vídalínskirkju.

Veffang: [www.kvennakor.is](http://www.kvennakor.is)

### Skólakórar

Í Hofsstaðaskóla og Flataskóla eru starfandi kórar.

Vefföng: [www.hofsstadaskoli.is](http://www.hofsstadaskoli.is), [www.flataskoli.is](http://www.flataskoli.is)

### Kvikmyndaver Latabæjar

Miðhraun 4

Sími: 590 1700

Veffang: [www.latibaer.is](http://www.latibaer.is)



